

Almennir ábyrgðar- og samningsskilmálar Marel 2006 um sölu vélbúnaðarvara og hugbúnaðarvara

Almennir ábyrgðar- og samningsskilmálar Marel hf. á Íslandi og dótturfyrirtækja þess (hér á eftir nefnt Marel Group) um sölu vélbúnaðarvara og hugbúnaðarvara (hér á eftir nefndar „vörurnar“) fara hér á eftir og gilda fyrir fyrirtæki innan Marel Group sem eru aðilar að sölusamningnum um viðkomandi vöru (hér á eftir nefnt „Marel“) og hinn eða hina aðila samningsins (hér á eftir nefndir „kaupandinn“):

1. Ábyrgð á vélbúnaðarvörum

a. Marel ábyrgist og mun ábyrgjast að allar vélbúnaðarvörur framleiddar af fyrirtækinu og hlutar þeirra skuli vera án galla á efni og vinnu um tólf (12) mánaða tímabil frá uppsetningardegi, sem tilgreindur er í sölusamningnum, en ekki í neinu tilviki um lengra tímabil en þrettán (13) mánuði frá afhendingardegi, sem tilgreindur er í sölusamningnum. Ef vörurnar eru notaðar meira en samið er um eða vænta mátti við gerð sölusamningsins skal þessi tími stytur hlutfallslega að því marki sem lög leyfa. Á þessu tímabili mun Marel laga alla slíka galla í verksmiðju Marel á Íslandi eða annars staðar að vali Marel, þegar Marel hefur staðfest að vélbúnaðarvara eða hluti hennar sé gölluð, enda verði sendingar- og/eða ferðakostnaður greiddur fyrirfram af kaupanda.

2. Ábyrgð á hugbúnaðarvörum

a. Marel ábyrgist og mun ábyrgjast um tólf (12) mánaða tímabil frá uppsetningardegi, sem tilgreindur er í sölusamningnum, en ekki í neinu tilviki um lengra tímabil en þrettán (13) mánuði frá afhendingardegi, sem tilgreindur er í sölusamningnum, að allar hugbúnaðarvörur sem fyrirtækið framleiðir og afhendir og hlutar þeirra sem settir eru upp á vélbúnaðarvöru frá Marel (hér á eftir nefnt „ífelldi hugbúnaðurinn“) og/eða tengdan tölvuvélbúnað frá þriðja aðila (hér á eftir nefnt „notkunarhugbúnaðurinn“), sem hafa verið samþykktar af Marel til uppsetningarinnar, skuli ekki við notkun í veigamiklum atriðum bregðast að uppfylla þær kröfur sem leiða má af þeim gögnum og skjölum sem fylgja þeim. Á þessu tímabili mun Marel laga alla slíka galla í verksmiðju Marel á Íslandi eða annars staðar, að vali Marel, þegar Marel hefur staðfest að vélbúnaðarvara eða hluti hennar sé gölluð, enda verði sendingar- og/eða ferðakostnaður greiddur fyrirfram af kaupanda. Marel ábyrgist þó ekki að virkni hugbúnaðarvaranna skuli vera ótrufluð eða villulaus. Marel undanskilur sig sérstaklega allri ábyrgð vegna galla í tölvuvélbúnaði frá þriðja aðila sem notkunarhugbúnaðurinn er settur upp á, hvort sem Marel eða kaupandinn hefur útvegað hann.

3. Gildissvið ábyrgðar á vélbúnaðar- og hugbúnaðarvörum

a. Ábyrgð á vélbúnaðar- og hugbúnaðarvörum skal ekki gilda um venjulegt slit á vörunum eða hlutum þeirra, svo sem beltum, eða um galla sem stafa af efnunum sem kaupandinn útvegar eða af hönnun sem kaupandinn mælir fyrir um eða tilgreinir. Ábyrgð þessi gildir ekki heldur um neinar vörur, eða íhluti þeirra, sem ekki hafa verið settar upp eða notaðar í samræmi við fyrirmæli Marel (þar á meðal en ekki takmarkað við fyrirmæli sem gefin eru í handbókum Marel um viðkomandi vörur og í sölusamningnum), um neinar vörur, eða íhluti þeirra, sem hafa verið ranglega notaðar, vanhirtar eða orðið fyrir óhappi, um neinar vörur, eða íhluti þeirra, sem gert hefur verið við af einstaklingi sem annaðhvort er ekki frá Marel eða hefur ekki skriflega vottun frá Marel um að hann sé viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi verksviði, eða neinar vörur, eða íhluti þeirra, sem hefur verið breytt á einhvern hátt án þess að Marel hafi samþykkt slíka breytingu skriflega.

4. Varahlutir

a. Marel skal leggja til þá varahluti sem þarf til að laga galla í efni og vinnu varanna á ábyrgðartímabilinu sem tilgreint er hér að framan. Þetta skal vera kaupandanum að kostnaðarlausu, en allur sendingarkostnaður varahlutanna skal vera fyrirfram greiddur af kaupandanum. Bilaðir varahlutir sem skipt hefur verið út skulu verða tiltækir Marel og þeir skulu vera eign Marel.

5. Kröfur um reglur varðandi öryggi og þrifnað

a. Marel ábyrgist að vörurnar séu í samræmi við kröfur sem fram koma í lögum Evrópusambandsins og alríkislögum Bandaríkjanna um reglur varðandi öryggi og þrifnað sem gilda á dagsetningu sölusamningsins. Marel tekur enga ábyrgð á samræmi varanna við aðrar lagalegar kröfur varðandi öryggi og hreinlæti og útilokar og hafnar, að svo miklu leyti sem viðeigandi lög leyfa, allri annarri ábyrgð, sérstakri eða undirskilinni, sem varðar slíkt samræmi.

6. Hugverkaréttur og umráð yfir vörum

a. Marel ábyrgist að hafa allan viðeigandi einkaleyfisrétt og annan hugverkarétt á vörunum, að hafa fulla heimild til að selja vörurnar og að vörurnar brjóti ekki í bága við einkaleyfi eða annan hugverkarétt þriðja aðila. Ef notkun kaupandans á vörunum er bönnuð, að hluta eða í heild, vegna rofs á þessari ábyrgð skal Marel á eigin

kostnað og að eigin vali (1) afla fyrir kaupandann réttarins til að halda áfram að nota vörurnar, (2) breyta vörunum þannig að þær brjóti ekki í bága við réttinn, (3) skipta á vörunum eða íhlutunum og efni sem ekki brýtur í bága við réttinn eða (4) segja upp sölusamningnum og endurgreiða söluverðsupphæðina sem kaupandinn hefur greitt gegn því að seldu vörunum sé skilað. Marel skal ekki þurfa að bæta kaupandanum frekar í tilefni slíks banns eða uppsagnar. Marel útilokar sérstaklega allar aðrar kröfur kaupandans og skuldbindingar gagnvart kaupandanum á grundvelli þessarar ábyrgðar en þær sem felast í þessu ákvæði.

b. Sölusamningurinn skal ekki á neinn hátt hafa áhrif á rétt, heimild eða hagsmuni Marel Group varðandi hvern þann hugverkarétt sem tengist vörunum, þar á meðal, en ekki takmarkað við einkaleyfi, höfundarrétt, vörumerkjarétt og verkkunnáttu.

c. Marel veitir kaupandanum takmarkað almennt leyfi án framsalsheimildar og án heimildar til undirleyfa til að nota hugbúnaðarvörurnar, samkvæmt skilmálum og skilyrðum þessara almennu ábyrgðar- og samningsskilmála og sölusamningsins. Hugbúnaðarvörurnar njóta verndar alþjóðlegra laga um höfundarrétt og alþjóðasáttmála um höfundarrétt, svo og annarra laga og sáttmála um hugverkarétt. Ífelldan hugbúnað má kaupandinn eingöngu selja, leigja, lána eða á annan hátt framselja þriðja aðila sem óaðskiljanlegan hluta af viðkomandi vélbúnaðarvöru frá Marel. Notkunarhugbúnað má ekki selja, leigja, lána eða á annan hátt framselja eða afhenda þriðja aðila nema í þeim tilgangi að kynna, prófa eða meta viðkomandi notkunarhugbúnað. Hugbúnaðarvörurnar eru ekki seldar og Marel skal ætíð halda öllum eignarrétti og hugverkarétti í og á hugbúnaðarvörunum. Ekkert framsal er til kaupandans á neinni eignaraðild að hugbúnaðarvörunum og leyfið sem er veitt samkvæmt þessum almennu ábyrgðar- og samningsskilmálum og sölusamningnum skal ekki túlkað sem sala á neinum rétti í hugbúnaðarvörunum.

7. Almenn ákvæði um ábyrgð og bótaábyrgð

a. Ef Marel afhendir vörurnar með öðrum skilmálum en “Ex works” á tilgreindum stað, og í því tilviki að vörurnar eða hluti þeirra tynist eða eyðileggist í flutningi af hálfu Marel á ákvörðunarstað, skal Marel eiga þess kost að segja upp sölusamningnum að því er varðar týnda eða eyðilagða hlutann og Marel skal ekki bera neina ábyrgð gagnvart kaupandanum vegna slíks tjóns eða vegna þess að ekki var afhent á ákvörðunarstað.

b. Ekki er um að ræða neina aðra ábyrgð, yfirlýsing eða skilyrði af neinu tagi sem Marel er skuldbundið af gagnvart kaupandanum vegna varanna aðra en þá sem sérstaklega er tekin fram í þessum almennu ábyrgðar- og samningsskilmálum. Að því marki sem viðkomandi lög leyfa er öll önnur ábyrgð, sérstök eða undirskilin, hér með útilokuð og henni hafnað, þar á meðal undirskilin ábyrgð á seljanleika og notagildi í ákveðnum tilgangi.

c. Það er undirskilið og samþykkt að ábyrgð Marel og eina úrræði kaupandans, hvort sem er samkvæmt samningi, ábyrgð, skaðabótareglum (þar á meðal gáleysi), strangri ábyrgð eða að öðru leyti, skulu undir engum kringumstæðum vera meiri en sem nemur endurgreiðslu þess kaupverðs sem kaupandinn greiddi. Undir engum kringumstæðum skal Marel bera ábyrgð vegna óbeinna, sérstakra, óvæntra eða afleiddra skaðabóta eða refsikostnaðar, þar á meðal, en ekki takmarkað við vegna krafna frá þriðja aðila, líkamstjóns, eignatjóns, skemmda eða missis tækjabúnaðar, glataðrar viðskiptavildar, viðskipta, hagnaðar, tekna eða notkunar, kostnaðar við að leigja endurnýjunarbúnað og annars viðbótarkostnaðar, jafnvel þó að Marel hafi verið bent á líkurnar á slíku tjóni. Þessi takmörkun á ábyrgð Marel og úrræðum kaupandans endurspeglast í fjárhæð kaupsverðs varanna.

8. Óviðráðanleg ytri atvik

a. Hvorki Marel né kaupandinn skal teljast hafa vanefnt eða brotið nein ákvæði þessara almennu ábyrgðar- og samningsskilmála eða sölusamningsins vegna tafar, vinnsluröskunar eða truflunar á þjónustu sem stafar beint eða óbeint af óviðráðanlegum ytri atvikum, svo sem náttúruhamförum, aðgerðum borgaralegra eða hernaðarlegra yfirvalda, borgaralegum óeirðum, stríði, hryðjuverkum, verkföllum eða öðrum vinnudeilum, eldsvoða, samgöngutruflunum, lögum, reglugerðum, aðgerðum opinberra stofnana eða embættismanna þeirra, öðrum hamförum eða öðrum aðstæðum sem ekki geta með sanngirni talist á valdi aðilans. Ef óviðráðanlegt ytra atvik leiðir til tafa eða stöðvunar á starfsemi aðila í sex (6) mánuði eða lengra tímabil skal annar aðilinn eiga rétt á að segja sölusamningnum upp þegar í stað án nokkurrar ábyrgðar gagnvart hinum aðilanum, fyrir utan það að kaupandinn skal bæta Marel upp kostnað sem Marel kann að hafa orðið fyrir vegna uppsagnarinnar. Undir þetta fellur, en er ekki takmarkað við, allur framleiðslu- og þróunarkostnaður vegna varanna, ferðakostnaður og annar tengdur kostnaður.

9. Trúnaður

a. Marel og kaupandinn skulu halda algeran trúnaði um samningstengsl sín. Aðilinn sem tekur við upplýsingum (hér á eftir nefndur „viðtökuaðilinn“) skal ekki afhenda neinum þriðja aðila, né nota í neinum öðrum tilgangi en þeim að uppfylla skilmála þessara almennu ábyrgðar- og samningsskilmála og sölusamningsins, neinar tæknilegar, fjárhagslegar eða viðskiptalegar upplýsingar, eða aðrar upplýsingar, sem merktar eru trúnaðarmál (hér á eftir einu nafni „upplýsingar“) frá hinum aðilanum (hér eftir nefndur „afhendingaraðili“) í hvaða formi sem er samkvæmt eða í tengslum við þessa almennu ábyrgðar- og samningsskilmála eða sölusamninginn,

án undangengings skriflegs leyfis frá afhendingaraðilanum. Þessar trúnaðarskuldbindingar skulu ekki gilda um upplýsingar sem:

- (1) voru í fórum viðtökuaðilans fyrir afhendingu; eða
- (2) voru aðgengilegar almenningi þegar afhending fór fram eða urðu síðar aðgengilegar almenningi án brots á þeim trúnaðarskuldbindingum sem hér eru innifaldar; eða
- (3) þriðji aðili afhenti án brots á neinum trúnaðarskuldbindingum gagnvart afhendingaraðilanum; eða
- (4) starfsfólk viðtökuaðilans komst sjálft að án þess að hafa neinn aðgang að upplýsingunum; eða
- (5) voru afhentar samkvæmt viðeigandi bindandi lögum, reglugerðum eða ákvörðun réttar eða dómstóls, að því tilskildu að viðtökuaðilinn tilkynni afhendingaraðilanum um slíka afhendingu með fullnægjandi fyrirvara og fari að viðeigandi verndarreglum.

b. Hvor aðili um sig skal takmarka aðgang að upplýsingunum við þá starfsmenn sína sem teljast þurfa á þeim að halda til að efna með réttum hætti þessa almennu ábyrgðar- og samningsskilmála og skilmála sölusamningsins. Slíkt starfsfólk skal vera bundið skriflegum trúnaðarskuldbindingum sem ekki skulu vera síður strangar en þær sem tilgreindar eru í þessari grein. Trúnaðarskuldbindingar samkvæmt samningi þessum hafa ekki tímamörk.

10. Afsal á vörum

a. Vörurnar sem Marel afhendir samkvæmt sölusamningnum skulu áfram vera eign Marel, og lúta algeru eignarhaldi Marel, þar til kaupandinn hefur greitt þær að fullu samkvæmt sölusamningnum. Kaupandinn skal að beiðni Marel aðstoða Marel að gera viðeigandi ráðstafanir til að verja eignarrétt Marel á vörum í viðkomandi landi. Eignarréttarfyrrvarinn skal ekki hafa áhrif á yfirfærslu áhættu varðandi vörurnar sem aðilar hafa samið um.

11. Vanefndir kaupandans

a. Marel skal hafa rétt til þess, að eigin vali, að segja sölusamningnum upp með skriflegri tilkynningu til kaupandans, sem tekur gildi strax við viðtöku slíkrar tilkynningar, ef eitthvert eftirfarandi tilvika á sér stað:

- (1) ef vanefndir verða á þessum almennu ábyrgðar- og samningsskilmálum eða sölusamningnum eða öðrum samningi, sáttmála, skuldbindingu eða skyldu kaupandans sem fellur þar undir, ef slíkar vanefndir eru ekki bætt þannig að Marel geti við unað innan þrjátíu (30) daga frá skriflegri tilkynningu um slíkar vanefndir;
- (2) verði kaupandinn sjálfviljugur eða tilneyddur gjaldþrota, fyrirtækinu slitið eða ef beinum fullnustuaðgerðum er beint að kaupanda sem gætu haft skaðleg áhrif á möguleika hans til að standa við sölusamninginn.

b. Eftir að hafa sent skriflega tilkynningu samkvæmt kafla 11 a. (1) getur Marel frestað afhendingu vara þar til vanefndirnar hafa verið bættar þannig að Marel telji viðunandi. Við uppsögn af hálfu Marel samkvæmt kafla 11.a. skal kaupandinn skila Marel á kostnað kaupanda vörum sem kunna að hafa verið afhentar kaupandanum samkvæmt sölusamningnum, í sama ástandi og þær voru afhentar, og borga Marel allan kostnað sem Marel hefur lagt út vegna framkvæmdar á sölusamningnum, þar á meðal, en ekki takmarkað við, allan þróunar- og framleiðslukostnað sem tengist vörum og allan ferðakostnað, að viðbættum 30% af innkaupsverðinu samkvæmt sölusamningnum. Þessi greiðsla skal þó aldrei verða hærri en upphæð innkaupsverðsins samkvæmt sölusamningnum, með vöxtum ef við á.

12. Vanefndir Marel

a. Marel hefur orðið bert að töf ef vörurnar eru ekki afhentar á þeim afhendingartíma sem tiltekinn er í sölusamningnum, að því tilskildu að Marel eigi ekki rétt á viðbótarfresti á afhendingu, en í því tilviki hefur Marel orðið bert að töf ef vörurnar hafa ekki verið afhentar á þeim tíma þegar þessi frestur rennur út. Meðal atvika sem leyfa Marel viðbótarfrest eru, en ekki takmarkað við, atvik sem stafa af óviðráðanlegum ytri orsökum samkvæmt 8. grein og tafir á þróun, framleiðslu og afhendingu varanna sem stafa af gerðum eða aðgerðarleysi kaupandans eða öðrum kringumstæðum sem hann ber ábyrgð á. Fresturinn skal vera sanngjarn miðað við allar kringumstæður. Marel getur átt rétt á fresti óháð því hvort ástæða tafarinnar verður fyrir eða eftir umsaminn afhendingartíma.

b. Vegna tafar af hálfu Marel getur kaupandinn krafist févítis frá þeim degi þegar átti að afhenda vörurnar. Févitið skal nema 0,5 prósentum af innkaupsverðinu samkvæmt sölusamningnum fyrir hverja heila viku sem töf verður. Févitið skal ekki verða hærra en sem nemur 7,5 prósentum af innkaupsverðinu. Ef afhending á einungis hluta varanna tefst skal reikna févitið út frá þeim hluta innkaupsverðsins sem svarar til þess hluta af vörum sem vegna tafarinnar er ekki hægt að nota eins og aðilar ætlast til. Greiða skal févitið þegar skrifleg beiðni kaupanda hefur komið fram en ekki áður en vörurnar eru afhentar eða sölusamningnum hefur verið sagt upp samkvæmt kafla 12.c. Réttur kaupandans til févítis skal falla niður ef slík beiðni hefur ekki verið send innan sex mánaða frá réttum afhendingardegi.

c. Ef töf Marel verður svo löng að kaupandinn á kröfu á hámarksféviti samkvæmt kafla 12 b. og vörurnar hafa enn ekki verið afhentar getur kaupandinn skriflega krafist afhendingar innan eðlilegs lokatímabils sem ekki skal vera styttra en ein vika. Ef Marel lýkur ekki afhendingu innan slíks lokatímabils og það er ekki vegna neinna kringumstæðna sem kaupandinn ber ábyrgð á getur kaupandinn með skriflegri tilkynningu til Marel sagt

sölusamningnum upp að því er tekur til þeirra hluta varanna sem, vegna vanefnda Marel, er ekki hægt að nota eins og aðilar ætlast til. Ef kaupandinn segir sölusamningnum upp skal hann eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem hann hefur mátt þola vegna tafar Marel að því tilskyldu að tjónið sé meira en sem nemur því hámarks féviti sem kaupandinn hefur öðlast rétt á. Heildarbæturnar, þar með talið févitið, sem greitt er samkvæmt kafla 12 b., skulu ekki nema meira en 15 prósentum af þeim hluta innkaupsverðsins sem svarar til þess hluta varanna sem uppsögn sölusamningsins tekur til.

d. Féviti og uppsögn sölusamningsins með takmörkuðum bótum samkvæmt köflum 12 b. og c. eru einu úrræðin sem kaupandinn hefur þegar tölfræði verður af hálfu Marel. Allar aðrar kröfur á Marel vegna tafar skulu útilokaðar. Kaupandinn skal ekki eiga neinn frekari uppsagnarrétt varðandi sölusamninginn af neinum öðrum ástæðum. Kaupandinn skal ekki eiga rétt á að halda eftir greiðslum af innkaupsverðinu á umsömdum greiðslutíma samkvæmt sölusamningnum nema orðið hafi tölfræði á afhendingu á vörnum í meira en sjö vikur eða alvarlegt rof á ábyrgðum Marel hafi verið sannað. Öll stöðvun á greiðslum af innkaupsverðinu skal ætíð vera í hlutfalli við töfina eða rofið á ábyrgð sem hefur verið sannað.

13. Lög og lausn ágreiningsmála

a. Þessir almennu ábyrgðar- og samningsskilmálar og sölusamningurinn skulu eingöngu falla undir, vera háðir og skýrast af íslenskum lögum og túlkast í samræmi við þau.

b. Marel og kaupandinn skulu reyna eftir bestu getu að leysa allar deilur, ágreiningsmál, kröfur eða skoðanamun sem upp kann að koma þeirra á milli um hvaðeina sem tengist þessum ábyrgðar- og samningsskilmálum og sölusamningnum eða rofi á þeim, uppsögn eða gildi þeirra. Ef aðilarnir geta ekki leyst einhverja slíka deilu, ágreiningsmál, kröfu eða skoðanamun innan 14 daga, eða tímabils sem aðilar kunna að ákveða eftir það, skal endanlegar niðurstöðu leitað með gerðardómi. Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðardómsmönnum. Marel og kaupandinn tilnefna hvort sinn gerðardómsmann. Gerðardómsmennirnir báðir skulu tilnefna þriðja gerðardómsmann sem skal vera lögmaður og með reynslu á því sviði. Ef gerðardómsmennirnir tveir verða ekki ásáttir um þriðja gerðardómsmanninn skal forseti Alþjóðagerðardómsins í Lundúnum (London Court of International Arbitration) tilnefna þriðja gerðardómsmanninn. Allir gerðardómsmenn sem í dómnum sitja skulu vera og ætíð halda áfram að vera óvilhallir og óháðir aðilum og enginn þeirra skal þjóna í gerðardóminum sem fulltrúi fyrir aðila. Enginn gerðardómismaður, hvort sem er fyrir eða eftir tilnefningu, skal ráðleggja aðila um málsatvik eða niðurstöðu deilunnar. Gerðardómurinn skal starfa í Lundúnum eða á öðrum þeim stað sem báðir aðilar koma sér saman um. Málareksturinn fyrir gerðardóminum skal fara fram á ensku. Úrskurður gerðardómsins skal vera endanlegur og bindandi fyrir aðilana sem samþykkja að hlíta úrskurðinum. Gerðardómurinn skal einnig úrskurða um þátttöku hvors aðila í málskostnaði. Nema annað sé samþykkt skriflega skal gerðardómurinn fara að reglum Alþjóðagerðardómsins í Lundúnum (London Court of International Arbitration) um málsmeðferð.

14. Annað

a. Hvorugur aðili má úthluta eða framselja öll eða einhver réttindi sín, ívilnanir og skuldbindingar samkvæmt sölusamningnum án undangengins skriflegs samþykkis hins aðilans, en Marel er þó heimil slík úthlutun eða framsal innan Marel Group.

b. Verði, á einhverjum tíma, eitthvert ákvæði þessara almennu ábyrgðar- og samningsskilmála eða sölusamningsins eða hluti þeirra ólöglegt, ógilt eða óframfylgjanlegt að einhverju leyti samkvæmt viðkomandi lögum, skal það hvorki hafa áhrif á né skerða lögmæti, gildi eða möguleika á að framfylgja öðrum hlutum ákvæðisins eða öðrum ákvæðum samningsins. Setja skal annað gilt ákvæði í stað ógilda ákvæðisins sem nær, að svo miklu leyti sem unnt er, upphaflegum tilgangi og markmiði ógilda ákvæðisins. Enginn brestur á að framfylgja eða tölfræði við að framfylgja rétti eða úrræði af hálfu aðilanna samkvæmt þessum almennu ábyrgðar- og samningsskilmálum eða sölusamningnum hefur í för með sér að rétturinn eða úrræðið verði marklaust, né skal neitt eitt tilvik þar sem slíkum rétti eða úrræði er framfylgt eða framfylgt að hluta hindra að þeim sé framfylgt frekar eða að öðrum rétti eða úrræði sé framfylgt.

c. Allar upplýsingar og gögn sem eru innifalin í vöruupplýsingum og verðlistum eru því aðeins bindandi að þeirra sé sérstaklega getið með tilvísun í sölusamningnum. Enginn tvíhliða samningur milli Marel og kaupandans skal vera bindandi fyrir Marel nema hann sé skriflegur og undirritaður með tilhlýðilegum hætti af Marel. Þessir almennu ábyrgðar- og samningsskilmálar og sölusamningurinn eru aðeins bindandi og skuldbindandi fyrir það fyrirtæki Marel Group sem er aðili að sölusamningnum.

Þetta skjal leggur Marel fram í góðri trú sem þýðingu á íslensku á almennu ábyrgðar- og samningsskilmálunum sem eru samdir á ensku. Ef misræmis verður vart milli þessarar þýðdu útgáfu og upphaflegu útgáfunnar á ensku skal enska útgáfan þó gilda.